

Frostfilm ehf.  
Skiopholti 50d  
105 Reykjavík

Vestmannaeyjum 25. mars 2019  
UST201903-154/P.V.B.  
09.04.00

### **Efni: Umsókn um kvikmyndaleyfi - Dyrhólaey**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Frostfilm ehf., dagsett 17. mars 2019, um leyfi til kvikmyndatöku og drónaflugs innan friðlandsins Dyrhólaeyjar.

Dyrhólaey er friðlýst sem friðland sbr. auglýsing nr. 101/1978. Óheimilt er að skaða eða trufla dýralíf á hinu friðlýsta svæði.

#### ***Lýsing verkefnis:***

Ráðgert er að fljúga í kringum Háey í Dyrhólaey, einkum sunnan megin, með dróna vegna landslagsmyndatöku. Flogið verður í 50 -70 metra fjarlægð frá björgum eyjarinnar í um 20 metra hæð yfir hæsta punkti. Að tókunum koma 5 manns og eiga þær að taka 3 klst. Tökurnar fara fram 3. eða 4. apríl 2019.

#### ***Áhrifamat:***

Umhverfisstofnun metur drónaflugið ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins til lengri tíma litið. Til skamms tíma getur drónaflugið haft neikvæð áhrif á upplifun gesta og fuglalíf. Fugl er sestur upp í björgin þegar tókur fara fram en varp er ekki hafið sem dregur úr neikvæðum áhrifum flugsins. Fara þarf þó með sérstakri gát með flugið í nágrenni við fuglabjörgin.

#### ***Skilyrði:***

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir drónaflugi í Dyrhólaey þann 3. eða 4. apríl 2019, þar sem sem varptími er ekki hafin á þessum tíma árs, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breytingar verða á tímasetningu verkefnis leyti eins fljótt og auðið er.
- Einungis skal gengið eftir merktum göngustígum og óheimilt er að fara inn á lokuð svæði.

- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Afmá skal öll ummerki verkefnisins á svæðinu að því loknu.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki og það skal fara fram utan þess tíma sem flestir gestir eru í eyjunni. Flestir gestir heimsækja svæðið frá hádegi og fram eftir degi.
- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum eða fuglum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fuglalífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ekki skal skilja eftir hluta loftfarsins á svæðinu heldur finna og endurheimta loftfarið og alla hluta þess ef það brotlendir eða bilar.
- Af öryggisástæðum skal sá sem stjórnar ómönnuðu loftfari klæðast merktum fatnaði svo hægt sé að auðkenna viðkomandi.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Haga skal flugi ómannaðra loftfara í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfsrækslu fjarstýrðra loftfara.

Umhverfisstofnun mælist til þess að tekið sé á loft og lent í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 990/2017

**Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um kvikmyndagerð og/eða ljósmyndatöku er kr. 52.600.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

*Hildur Vésteinsdóttir*

Hildur Vésteinsdóttir  
Sviðsstjóri

*Daníel Freyr Jónsson*

Daníel Freyr Jónsson  
Sérfræðingur